

Akureyrarbær
María Markúsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 7. október 2022
UST202208-320/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulag –Leirustígur - Akureyrarbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar er barst 31. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulaginu Höepfnarsbryggja – Siglingaklúbburinn Nökkvi á Akureyri.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær til göngu – og hjólastígs við Leiruveg þar sem gert er ráð fyrir að stígurinn verður aðskilin í tvo samsíða stíga. Auk þess kemur fram að landfylling og útivistarsvæði norðan við stíginn breytast til að auka upplifun og útivistarmöguleika. Einnig kemur fram að leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif á dýralíf og huga að mótvægisáðgerðum s.s. að endurheimta búsvæði fugla.

Auk þess kemur fram í svari sveitarfélagsins dags. 4. október sl. segir að breytingin felst í því að landfyllingar eru minnkaðar talsvert. Flatarmál fyrirhugaðar fyllingar er 1,7 ha, þar sem heildar efnisþörf er 26.000 m³, þar af eru 10.000 m³ grjót í rofvörn og 16.000 m³ fyllingarefni. Einnig er gert er ráð fyrir að endurnýta núverandi rofvörn við þjóðveginn eða um 2.000 m³ af grjóti. Um 8.000 m³ af grjóti verður fengið úr námu E5 - Moldhaugnaháls í Hörgársveit og fyllingarefni af staðnum verður endurnýtt eins og kostur er, en umframefni verður sótt í opnar námur á Eyjafjarðarsvæðinu.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um umfang og framkvæmd landfyllingarinnar og grjótgarða í greinargerðinni.

Landfylling

Umhverfisstofnun bendir á að miðað við framkvæmdalýsinguna verður um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. ofangreindra laga, er varp efna og hluta í hafið óheimilt.

Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til varps í hafið. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með leyfisumsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.¹

¹ https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Lei%C3%B0beinandi%20reglur%20um%20me%C3%B0fer%C3%B0%20d%C3%BDpkunarefnis_des2016.pdf



UMHVERFIS
STOFNUN

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð deiliskipulagsins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur